

Kennslumat í fjarnámi á haustönn 2022

Dagana 25. október til 8. nóvember var framkvæmt kennslumat á hluta fjarnáms skólans. Að þessu sinni voru valdir áfangar tengdir raun- og náttúrufræði eins og sjá má í eftirfarandi töflu:

	Skráðir	Svöruðu	Hlutfall
EÐLI2GR05	20	6	30%
EFNA2AM05	12	3	25%
FÆBÓ2FH05	16	8	50%
JARÐ2JÍ05	13	8	62%
LAND2AU05	13	3	23%
LÍFF2LE05	8	4	50%
LÍFF3EF05	7	3	43%
NÆRI2NN05	49	16	33%
RAUN1JE05	14	10	71%
RAUN1JE05	20	3	15%
RAUN1LE05	33	8	24%
UMHV2SJ05	42	7	17%
Allir áfangar	247	79	32%

Í töflunni má einnig sjá hve margir voru skráðir í hvern áfanga, hve margir svöruðu og útreiknað svarhlutfall. Þátttökuhlutfall var 32% en svörun var mjög breytileg í einstökum áföngum eða frá 15% upp í 71%. Kennarar sem kenndu þessa áfanga voru alls sex og kenndu einn til þrjú áfanga hver.

Á fyrri önnum hefur verið reynt að nota INNU við að meta fjarnámsáfanga en hún er notuð í kennslumati dagskólans. Á því eru ýmsir meinbugir og þeir helstir að fjarnemar eiga sjaldan erindi í INNU og því líklegt að könnun þar fari fram hjá þeim. Nokkrar síðustu annir hefur því verið notast við forritið SurveySparrow sem er auðvelt í notkun og skólinn hefur keypt aðgang að í þessu augnamiði. Á komandi önnum er þó vert að velja fyrir sér hvort fleiri leiðir séu færar, ekki síst hvort Moodle getur boðið upp á einhverja lausn sem kæmi að notum.

Fyrirkomulag var með þeim hætti að sett var slóð á áberandi stað í forsíðu Moodle í þeim áföngum sem metnir voru. Þar voru einnig skilaboð til nemenda þar sem þau voru beðin um að svara könnuninni og enn fremur upplýsingar um dagsetningar matsins. Fjarnámstjóri sendi í upphafi bréf á alla nemendur sem voru í þessu úrtaki og bað þau um að taka þátt. Áminning fór síðan frá fjarnámstjóra til nemenda þegar lokadagsetning nálgast.

Úrvinnsla fór fram með þeim hætti að teknar voru saman niðurstöður fyrir hvern kennara. Þær voru síðan afhentar fjarnámstjóra og skólameistara og kennurunum


sjálfum. Niðurstöður matsins verða síðar notaðar í starfsmannasamtölum og sem útgangspunktur í úrbótum þar sem það á við. Heildarsamantektin fylgir hér á eftir og með því að skoða hana geta kennarar einnig séð hvernig þeir koma út miðað við heildina.

Spurningalistinn er óbreyttur frá fyrri önum en spurt er um skipulag, uppbyggingu áfanga og verkefnaskil kennara. Nemendur voru beðnir um að gefa áfanganum einkunn og í lokin var spurt um aldur og annað nám. Tvær opnar spurningar voru á listanum þar sem nemendum gafst færi á að segja kost og löst á áfanganum.


Hér má sjá spurningalistann í heild og þar á eftir niðurstöður einstakra spurninga.

1. Námsáætlun áfangans er skýr
2. Áfanginn er vel skipulagður
3. Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni
4. Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega
5. Kennarinn skilar verkefnum fljótt
6. Kennarinn skilar verkefnum með leiðbeiningum og góðum athugasemdum
7. Ég er almennt ánægð/ur með áfangann
8. Ég mæli hiklaust með fjarnámi FÁ við aðra nemendur
9. Gefðu áfanganum einkunn á bilinu 1 - 10
10. Hvað finnst þér best við áfangann?
11. Hvað finnst þér að þyrfti að laga í áfanganum?
12. Hver er aldur þinn?
13. Ertu í öðru námi á önninni en fjarnámi FÁ? Merktu við allt sem við á.


Niðurstöður




Greinilegt er að fjarnámskennarar leggja mikið upp úr að setja fram skýra námsáætlun enda er það hluti af starfslýsingunni.



Nemendur voru líka einnig flestir ánægðir með skipulagið en þó eru 8% frekar ósammála fullyrðingunni. Hér gefa opnu svörin vonandi vísbendingar um hvað þarf að laga til að bæta skipulagið. Einkum var talað um þétt verkefnaskil og stuttan skilafrest.




Gagnvirk próf hafa sannað gildi sitt í fjarnáminu. Þar geta nemendur metið stöðu sína og eru 87% þeirra, sem tóku þátt, mjög eða frekar sammála því að það sé til að auðvelda þeim námið.




Hér er ástæða til að staldra við. Það eru skýrar reglur fjarnámskennara að öllum fyrirspurnum skuli svarað innan tveggja virkra daga. Ef til vill kemur það ekki nógu skýrt fram í námáætlun áfanga þannig að nemendur sem bíða eftir svari frá föstudegi til þriðjudags séu ósáttir með svartíma. Hugsanlega mætti breyta þessari spurningu næst og spyrja hvor kennari taki sér meira en tvo virka daga til að svara fyrirspurnum.


Hér vekur einnig athygli að 18% vilja ekki svara. Það gæti verið vegna þess að þeir hafi aldrei sent inn fyrirspurn eða ekki fylgst með svartíma.




Yfir 80% nemenda eru mjög eða frekar sammála fullyrðingu um að kennarinn skili verkefnum fljótt. Þó eru 12% mjög eða frekar ósammála þessu og það er eitthvað sem hægt ætti að vera að laga á næstu fjarnámsönn.




Leiðsagnarmat hefur verið ofarlega á dagskrá í öllu skólstarfinu á liðnum önnum. Kennarar hafa sótt námskeið og ennfremur hefur jafningjafræðsla verið notuð til að styðja kennara í því að tileinka sér aðferðafræðina. Það er að sjálfsögðu mjög nauðsynlegt í öllu fjarnámi að leiðsegja nemendum þegar verkefnum er skilað og sem betur fer hafa flestir þann háttinn á en 76% nemenda eru sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu. Alltaf má samt gera betur og verðugt viðfangsefni er að hækka þá prósentu á komandi önn.




Ég er almennt ánægð/ur með áfangann er fullyrðing sem 85% nemenda er sammála. Það eru samt 12% sem ekki eru ánægðir og þar eru sóknarfæri í framtíðinni.



Bestu meðmælin sem fjarnámið getur fengið eru frá nemendum sjálfum. Hér er því ástæða til að fagna þar sem 93% nemenda eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni um að þeir mæli hiklaust með fjarnáminu við aðra nemendur. Þetta eru sömu niðurstöður og í fyrri könnunum og er vissulega hvatning til skólans um að halda áfram á sömu braut.




Einkunnagjöf nemenda þar sem áfanginn (frekar en kennarinn) fær einkunn er líka eitthvað sem hægt er að gleðjast yfir. Nær 70% svarenda gefur einkunnina 8 eða hærri og aðeins 1% gefur falleinkunn.



Undir lokin var spurt um aldur nemenda en það er gert til að hægt sé að bera aldur svarenda saman við aldur fjarnemanda í heild. Í ljós kemur að samsvörun er mjög góð. 33% fjarnemenda skólans er eldri en 25 ára, 27% á aldrinum 20-25 ára og 40% eru 19 ára eða yngri (en á þeim aldri voru 37% svarenda). Helstu frávík eru að fáir svarendur eru yngri en 16 ára eru fáir en í fjarnáminu er allstór hópur grunnskólanemenda sem yfirleitt að læra ensku eða íslensku en sjaldan raungreinar. Að því sögðu er aldursskipting

svarenda í góðu samræmi við raunveruleikan sem gefur niðurstöðum aukinn trúverðugleika.



Lokaspurningunni sem var um annað nám svara 65% nemenda þannig að þeir séu ekki í neinu öðru námi en fjarnáminu. Það eru sannarlega niðurstöður sem undirstrika mikilvægi fjarnáms FÁ og hlutverk þess sem er bjóða að uppá valkost í námi fyrir alla.

Eins og fram hefur komið voru tvær opnar spurningar í þessari könnun. Svör við spurningunni „Hvað finnst þér best við áfangann?“ voru lang flest um gott skipulag, áhugavert efni og góða eftirfylgni kennara: „Kennsluefni aðgengilegt og mjög góðar útskýringar“, „Gott skipulag og áhugavert námsefni“, „Mjög hjálplegar upplýsingar frá kennara og gott skipulag.“

Seinni opna spurningin var: „Hvað finnst þér að þyrfti að laga í áfanganum?“ og hér voru aðeins fjölbreyttari svör. Sum snúast um skipulag: „Það þarf að setja skilaverkefni og prófin inná calendarið á forsíðunni á moodle. Þannig það væri miklu auðveldara að sjá hvað er næst á dagskrá.“ Önnur fjalla um kennsluna: „Kennarinn mætti vera aðeins fljótari að svara á Moodle.“ Og svo er er auðvitað mál málanna: „Auðvelda spurningar á prófum aðeins það eru svo mikil smáatriði sem eru erfið að muna“

Kennarar fá að sjálfsögðu að sjá svör við opnu spurningunum sem vonandi nýtast þeim til að bæta áfangann, kennsluna og þar með allt fjarnámið. Fjarnám FÁ er stór hluti skólstarfsins og verulega mikilvægt að allir leggist á eitt þannig að skólinn verði áfram í fararbroddi fjarnáms í landinu.

Viðauki

Hér á eftir fara töflur sem sýna annars vegar fjölda svara við einstökum spurningum/fullyrðingum og hinsvegar hlutfallstölur.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Veit ekki/vil ekki svara	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Námsáætlun áfangans er skýr	45	31	1	1	1
Áfanginn er vel skipulagður	44	29	0	6	0
Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni	43	26	3	6	1
Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega	46	14	14	4	1
Kennarinn skilar verkefnum fljótt	38	27	5	7	2
Kennarinn skilar verkefnum með leiðbeiningum og góðum athugasemdum	38	22	10	6	3
Ég er almennt ánægð/ur með áfangann	44	23	3	7	2
Ég mæli hiklaust með fjarnámi FÁ við aðra nemendur	51	22	2	2	2

	Mjög sammála	Frekar sammála	Veit ekki/vil ekki svara	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Námsáætlun áfangans er skýr	57%	39%	1%	1%	1%
Áfanginn er vel skipulagður	56%	37%	0%	8%	0%
Gagnvirk próf og verkefni auðvelda mér að fylgjast með námsframvindu minni	54%	33%	4%	8%	1%
Kennarinn svarar fyrirspurnum fljótt og greiðlega	58%	18%	18%	5%	1%
Kennarinn skilar verkefnum fljótt	48%	34%	6%	9%	3%
Kennarinn skilar verkefnum með leiðbeiningum og góðum	48%	28%	13%	8%	4%
Ég er almennt ánægð/ur með áfangann	56%	29%	4%	9%	3%
Ég mæli hiklaust með fjarnámi FÁ við aðra nemendur	65%	28%	3%	3%	3%